


"Sjódernið" og J. Kjarnsted

# HEIMIR



## EFNISYFIRLIT

Ríkiskirkja og frikirkja	-	-	Ritstj.
Trú rauðra manna og hvítra	-	-	Rauðstakkur.
Ameríska Únítarátelagið	-	-	Ritstj.
Að standa við aðalatriðin	-	-	Thomas van Ness.
Ur ýmsum áttum	-	-	Ritstj.
Áheit í sjávarháská	-	-	August Strindberg.
Lífsábyrð og bindind (þýtt)	-	-	Ritstj.



VIII. ÁR

1912

7 BLAD

# TIMBUR!

☛ Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og ótegldu timbri.  
☛ Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vo

**The Empire Sash & Door Co. Limited**  
Henry Avenue, East

## BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

---

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksölum. :: ::

---

**VERÐ: 35 cent**



## Ríkiskyrkja og fríkyrkja.

Hjá flestum þjóðum heimsins hafa trúarbrögðin einhvern tíma staðið undir vernd ríkisins. Það fyrirkomulag, að trúarbragðastofnanir séu að öllu leyti óháðar ríkjunum og stjórnnum þeirra, og njóti enngar verndar frá þeim, er tiltölulega nýtt í heiminum. Trúarbrögðin, aftur á móti, eru í sjálfum sér svo gömul, að hvergi verður komist fyrir fyrstu upptök þeirra; og ríkið, ef það orð er látið þýða stjórnarfaralega heild af hvaða lagi sem er, er afargömul stofnun.

Meðal fornþjóðanna, sem hafa eftir skilið heiminum sögu sína, voru trúarbrögðin einn hluti þjóðfélagsstofnunarinnar; þau voru ekki nákvæmlega greind frá því, sem var stjórnmal. Með öðrum orðum: Trúarbrögðin stóðu í sambandi við ríkið. T. d. hjá Babýlóníumönnum varð guðinn Mardúk, sem upprunalega var að eins tilbeiðinn í borginni Babýlón, að aðalguði þjóðarinnar, eða ríkisins, þegar Haumúrabi konungur gerði Babýlón að höfuðborg ríkis síns. Gyðjan Aþena var upprunalega verndargyðja Aþenuborgar, en með tímanum varð hún verndargyðja margra annara borga, og tilbeiðsla hennar var sett í samband við stjórn borganna. Í rómverska ríkinu var öllum þegnum

gert að skyldu, að tilbiðja verndaranda keisarans einu sinni á ári. Fjölgyðistrú fornþjóðanna stóð undir vernd þjóðfélaganna, og vilji stjórnendanna hafði áhrif á þau. Hið eina trúfrelsi, sem menn nutu, var að mega dýrka einhvern af þeim guðum, sem þjóðin alment viðurkendi.

Aldrei hafa trúarbrögðin verið eins nátengd ríkisstjórninni og í kristnum löndum á miðöldunum. Þegar Konstantínus keisari gerði kristindóminn að ríkistrú í sínu ríki, komst hann undir stjórnarvernd, sem hann síðan var undir um margar aldir. Í raun og veru mætti segja, að sum hinna kristnu ríkja á miðöldunum hafi staðið undir vernd kyrkjunnar, fremur en hún undir þeirra vernd; svo miklu valdi náði hún og svo mikil voru afskipti hennar af stjórnámálunum.

Samband ríkis og kyrkju, þar sem það enn á sér stað, er leifar eldgamals fyrirkomulags, sem komst á sitt hæsta stig á miðöldunum. Það er tiltölulega skamt síðan að menn fóru að sjá verulega galla á þessu fyrirkomulagi, og reyna að ráða bót á þeim. Það eru sérstaklega tvær hreyfingar í nútíðarlífinu, sem hafa valdið því, að menn hafa víða orðið þessu gamla fyrirkomulagi fráhverfir: fyrst og fremst trúfrelsinhreyfingin, og í öðru lagi vaxandi þátt-taka almennings í stjórnámálum.

Trúfrelsi er almenn viðurkenning þess réttar einstaklingsins, að mega hafa þá trú, sem honum fellur best í geð. Til þess að njóta þessa frelsis fyllilega verður einstaklingurinn ekki að eins að hafa leyfi til að segja, að hann aðhyllist þessa trúarskoðun, eða sé þessari mótfallinn, heldur verður hann að vera laus við allar kvaðir og skyldur til að styðja nokkra sérstaka trúarskoðun eða kyrkju fjármunalega, ef hann ekki gerir það af eigin hvöt. Alstaðar þar sem ríkiskyrkju fyrirkomulag á sér stað, launar ríkið starfsmönnum kyrkjunnar, eða kyrkjan sjálf á arðberandi eignir. En hvort heldur sem er, skyldar ríkið þegna sína til að gjalda til einnrar sérstakrar kyrkju. Enn þá sem komið er á fullkomið trúfrelsi sér ekki stað, þar sem ríkiskyrkju fyrirkomulag er; og það er að minsta kosti vatnasamt, hvort það getur nokkurntíma átt sér stað undir því fyrirkomulagi. Trúfrelsis-

kröfurnar hafa átt einna mestan þátt í aðskilnaði ríkis og kyrkju þar sem hann hefir fengist hingað til.

Í öllum löndum, sem hafa þingbundna stjórn, ræður vilji almennings (kjósenda) að meira eða minna leyti meðferð flestra mála, sem snerta þjóðarheildina. Fyr á tímum, þegar konungsvaldið var ótakmarkað, réði þjóðin í heild sinni engu; konungarnir og ráðunautar þeirra höfðu einir vald til að semja lög og sjá um að þeim væri hlýtt. Konungurinn gat alt af gert þá trú, sem hann aðhylltist sjálfur, að ríkistrú, að minsta kosti í orði kveðnu; og hvað eftir annað í sögunni má finna dæmi þess að konungsviljinn hefir ráðið miklu um það hvaða trúarbrögð þjóðirnar hafa haft. En þegar þjóðin sjálf, almenningur, fer að kjósa þá menn, sem hafa löggjafarvaldið með höndum, þá getur það vald stutt eina sérstaka trú að eins svo lengi sem allstór meiri hluti kjósenda, og þeirra sem kosnir eru, hafa sömu trú. Þar sem, þess vegna, að ríkistrú er fyrir, en stjórnarfyrirkomulagið þannig, að þjóðin sjálf ræður hverjir hafa löggjafarvaldið í höndum sínum, hljóta fyr eða síðar að koma fram kröfur um aðskilnað ríkis og kyrkju; svo framarlega sem þjóðin öll undantekningarlítið aðhyllist ekki ríkistrúna. Gallar ríkiskyrkju fyrirkomulagsins, gallar, sem eru svo stórir, að fjöldi manns í öllum löndum telja það óhafandi, hafa komið í ljós með upptekningu nýrra trúarskoðana og með auknu frelsi almennings til þátt-töku í löggjöf og stjórn. Ef ríkiskyrkju fyrirkomulagið hefir ekki ávalt haft galla, þá hefir það verið vegna þess, að allir, sem við það hafa átt að búa, hafa getað trúað því sama og hafa orðið að beygja sig undir vald eins manns, eða fárra manna.

Einn helzti gallinn á ríkiskyrkju fyrirkomulaginu er frelsiskerðingin. Og eðlilega hefir hann ekki komið í ljós fyrir en þjóðirnar hafa farið að meta frelsi sem eitt af því eftirsóknarverðasta og krefjast þess. Trúfrelsi getur, eins og fram hefir verið tekið, aldrei orðið fullkomið, þar sem ein trú nýtur verndar ríkisins. Þó engum sé bannað að hafa aðra trú, þá samt sem áður er ekki enn þá fundin aðferð til að koma í veg fyrir, að sumir menn séu neyddir til að styðja þá trú fjármunalega, sem þeir ekki hafa af sannfæringu. Og það að ríkið tekur eina trú

fram yfir aðra, er rangindi gagnvart öllum þeim, sem ekki hafa þá trú.

Annar stór ókostur á ríkiskyrkju fyrirkomulaginu er það, að engin trúarbrögð hafa til lengdar gagn af því að standa undir vernd ríkjanna. Veruðin kostar það að trúarbrögðin ljái því stjórnar fyrirkomulagi, sem á sér stað í ríkinu, stuðning sinn. Ríkiskyrkjur taka ávalt þátt í stjórnmálum, og með því fjarlægjast þær sem kyrkjur og trúarbragðalegar stofnanir andstæðinga sína í stjórnmálum. Reynslan hefir hvað eftir annað sýnt þetta. Hvað sem sagt er um siðferðisleg áhrif kyrkjunnar á stjórnmalin, verður það hverri kyrkju til skaða að taka nokkurn beinan þátt í þeim. Hversu oft hefir ekki hin kristna kyrkja unnið beinlínis á móti tilgangi sínum, vegna þess að hún hefir verið flækt við stjórnmalin og staðið í þakklætisskuld við þá sem völdin hafa haft.

Fríkyrkjan er í samræmi við trúfrelsi. Hún getur ekki bundið nokkurn mann lagalega til að játa, eða styðja, aðrar trúarskoðanir en þær, sem hann játar af sannfæringu. Fríkyrkjuflokkar hafa margskonar galla. Þeim hættir oft við að verða mjög einhlíða og þröngsýnum viðvíkjandi trúarskoðunum. Það stafar af því, að allir sem ekki eru í fullu samræmi við stefnu flokksins, verða viðskila við hann, og hin sérstaka stefna hans verður aldrei fyrir breytingaáhrifum innan að frá, í ríkiskyrkju, aftur á móti, getur trúarlegt víðsýni átt sér stað við hlíðina á þröngsýni; frjálsslyndi og afturhald geta ríkt í einhverjum hlutföllum hvort við annað. En þó er ávalt hætt við að tilhneigingin verði sú að breiða sem mest yfir allar misfellur, að láta allar mismunandi stefnur innan ríkiskyrkjunnar verða litlausar og þróttlausar. Undir fríkyrkju fyrirkomulaginu verða ávalt bæði íhaldssamir og frjálsslyndir flokkar, og auk þess margskonar önnur flokkaskifting, eftir því hvernig skoðanir manna um hin helztu trúaratriði skiftast. Þessi flokkaskifting er, að áliti samra, sem ríkiskyrkju fyrirkomulaginu eru vanir, íll og óæskileg. En samt sem áður er hún það eina, sem er veruleg trygging til einstaklingsins fyrir því, að hann geti til fulls notið trúfrelsis síns með öðrum.

Kyrkja, sem er ríkinu að öllu leyti óháð, getur tekið ranga og óheppilega afstöðu í ýmsum mannfélagsmálum. En sem stofnun getur hún ekki til lengdar haft ástæðu til að styðja neina vissa hlið, nema að meiri hluti meðlima hennar hafi sannfæringu fyrir þeim málum, sem sú hlið berst fyrir. Fríkirkjan er ekki í þeirri hættu að verða ambátt þeirra, sem völdin hafa; en það, eins og öll saga sýnir, hefir verið ein af aðalhættum, og eitt af aðalmeinum ríkiskyrkjunnar.

Allir, sem veitt hafa kyrkjumálunum á Íslandi eftirtekt nú á síðustu árum, hljóta að hafa séð, að allmikið hik og vafi á sér stað þar, viðvíkjandi fyrirkomulagi kyrkjumálanna. Þeir menn eru til þar, þó efalaust í miklum minni hluta, sem vilja hiklaust aðskilnað ríkis og kyrkju, afnáám þjóðkyrkjunnar. Aftur eru aðrir, sem vilja halda fyrirkomulaginu, sem er, með einhverjum lítilsháttar endurbótum. Og svo eru enn þá aðrir, sem, að því er virðist eru í algerðum vafa um, hvernig eigi að ráða fram úr kyrkjumálunum þar. Um eitt ber þó flestum saman: nefnilega að alt trúarlíf innan þjóðkyrkjunnar sé víða á mjög lágu stigi. Orsökkin til þess er auðsjáanleg. Hún er sú, að fjöldi manna er ekki lengur saunfærður um að þjóðkyrkjan hafi verulegan trúarlegan sannleika að flytja. Kyrkjan á síðferdislega ekkert tilkall til þeirra manna lengur. Þeir eiga að hafa fult trúfrelsi, en hafa það ekki. Um leið og þeir fengju það, er líklegt að margir þeirra myndu þörf hjá sér til að sameina sig um nýja stefnu í trúmálum. Eini vegurinn til að ráða fram úr áhugaleysinu og deyfðinni í trúmálunum er að innleiða algert trúfrelsi; ekki trúfrelsi í orði kveðnu, heldur það trúfrelsi, sem byggist á fullri viðurkenningu þess að menn geti haft og hljóti að hafa mismunandi trúarskoðanir nú á tuttugustu öld. Vonandi er að þess verði ekki langt að biða að íslenzkir löggjafar sjái þetta.

## Trú rauðra manna og hvítra.

Eftir RAUÐSTAKK.\*

Vinur og bróðir: Það er vilji Hins Mikla Anda að við skyldum mætast hér á þessari stundu og stað. Hann ræður öllum hlutum og hann hefir gefið bjartan og unaðslegan dag til þessarar ráðstefnu. Hann hefir dregið hulu sína frá sólinni og leyft henni að skera í allri sinni dýrð og ljóma. Augu okkar eru opin, svo við sjáum glöggt; heyrn okkar er óskert, svo við höfum heyrt greinilega hvert orð, sem þér hafið talað. Fyrir alt þetta þökkum vér Hinum Mikla Anda, og honum einum.

Bróðir! Þessi kyrkjupings-eldur var kveiktur af yður. Það var að yðar ósk að við komum hér saman á þessari stundu. Við höfum hlýtt með athygli á það sem þér hafið sagt. Þér buðuð okkur að láta í ljósi skilning okkar. Það er okkur mjög til þóknunar, því okkur skilst að við megum standa hér frammi fyrir yður og segja afdráttarlaust það sem okkur býr í brjósti.— Við höfum öll heyrt röddu yðar og við tölum nú til yðar sem einn maður. Skilningur okkar allra er sameinaður.

Bróðir! Þér krefjist svars upp á ræðu yðar, áður en vér yfirgefum þenna stað. Það er ekki nema skylt og maklegt að þér fáið bón yðar uppfylta, því þér eruð langt í burt frá heimkynnum yðar, og við viljum ekki tefja yður. En fyrst langar okkur til að líta ofurlítið til baka og segja yður hvað feður okkar hafa kent okkur, og hvað við höfum lært af hvítu fólki.

Bróðir! Hlýðið á hvað við höfum að segja: Sá tími var, að feður okkar áttu alt þetta land, — Þeirra óðul náðu frá sólar upprás til sólarlags. — Hinn Mikli Andi hafði skapað það handa

\* Rauðstakkur (Red Coat) var fæddur árið 1752 og dó 1830. Hann var af Senecas þjóðflokk og bjó nálægt Genesa. Hið rétta nafn hans var Sogoyewapha, en nafnið Rauðstakkur fékk hann með rauðri hermanna-treyju er hann þáði af brezkum liðsforingja. Ræða þessi var flutt árið 1805 á samkundu hinna Sex þjóða, eftir að hr. Cram, trúboði, hafði mælt fyrir trúboðsstarfi sínu, sem hann hugðist að reka meðal þeirra. Sbr. Worlds Famous Orations.



Indíánunum. Hann hafði skapað vísundinn og hjórtinn, og önnur dýr til fæðu. Hann hafði skapað björninn og bjórinn, — feldir þeirra nægðu okkur til klæðnaðar, og hann hafði dreift þeim yfir landið og kent okkur að handsama þá. Hann hafði gefið jörðinni frjómagn svo að í henni greri korn til manneldis. Alt þetta gerði hann fyrir rauðu börnin síu, því hann elskaði þau. Ef það kom fyrir að deila reis um veiðilönd, þá var hún jafnan útkljáð án blóðsúthellingar.

Eu óhappdagur rann yfir okkur og landið okkar. Feður yðar sigldu yfir sjóinn mikla og stigu fæti á þetta land. Þeir voru ekki margir. Þeir fundu hér vini, en ekki óvini. Þeir töldu okkur trú um að þeir hefðu flúið að heiman undan ofsókn grimdarfullra harðstjóra, og komið hingað til að fá notið trúar sinnar. Þeir báðu um sæti í landinu sem við áttum. Við aumkuðumst yfir þá og urðum við bón þeirra, og þeir settust meðal ckkar. Við gáfum þeim korn og kjöt. — Þeir gáfu okkur eitru í staðinn.

Hvíta fólkíð hafði nú fundið landið okkar, bróðir. Tíðindi bárust heim og fleiri komu. Samt óttuðumst við þá ekki. Við álitum þá vini. Þeir kölluðu okkur bræður, við trúðum þeim og gáfum þeim meira rúm. Að lokum hafði tala þeirra aukist mjög og þeir vildu fá meira land. Þeir vildu fá landið okkar. Augu okkar opnuðust og við urðum óróir. Þá byrjaði stríðið. Indíánar voru keyptir til að berjast við Indíána og fjöldi af fólkinu okkar var drepíð niður. Þeir fluttu einnig til okkar sterkín. Víníð var áfengt og tælandi og hefir drepíð þúsundir.

Bróðir, okkar óðul voru einu sinni stór, en ykkar voru smá. Þið eruð nú orðin völdug þjóð, en við höfum naumast land til að breiða úr ábreiðunum okkar. Þið hafíð fengið landið okkar, en eruð þó ekki ánægð. Þið viljið líka neyða ykkar trú inn á okkur.

Bróðir! hlýð enn á orð mín. Þér segist vera sendur til að leiðbeina okkur og kenna okkur að vegsama hinn Mikla Anda, svo honum sé þóknanlegt, og ef við ekki tökum við trú þeirri sem þér, hvítu mennirnir, boðið þá verðum við vansæl hér eftir. Þér segið að yðar trú sé r é t t en við séum glötunarinnar börn.

Hvernig vitum við að þetta sé satt. Okkur skilst að yðar trú sé rituð í bók. Ef hún var ætluð fyrir okkur, eins og ykkur, þvi hefir þá ekki Hinn Mikli Andi gefið okkur og feðrum okkar vísdom þessarar bókar og þekkingu til að skilja hann rétt. Við vitum ekkert um hann nema það sem þér segið, og hvernig vitum við hverju við eigum að trúa, þegar við höfum svo oft verið taldregin af hvítu fólki?

Bróðir! Þér segið að það sé að eins ein aðferð til að þjóna hinum Mikla Anda. Ef það er að eins ein trú rétt, hvers vegna hafið þið hvítu mennirnir þá svona margvísleg trúarbrögð? Hvers vegna eruð þið ekki öll á sama máli, þegar þið öll getið lesið þessa bók?

Bróðir! Við skiljum ekki þetta. Okkur er sagt að trú yðar hafi verið gefin til forfeðra yðar og gangi í ættir, frá föður til sonar. Við höfum líka trú, sem var gefin til forfeðra okkar og gengur frá föður til sonar, og sem hefir verið kend okkur, börnum þeirra. Við lifum samkvæmt þeirri trú. Hún kennir okkur að vera þakklát fyrir þau gæði sem við hljótum, að elska hvert annað og vera sameinuð. Við deilum ekki út af okkar trú.

Bróðir! Hinn Mikli Andi hefir skapað okkur öll, en hann hefir gert afarmikinn mismun á sínum hvítu og rauðu börnum. Hann hefir gefið okkur mismunandi lit og mismunandi hætti. Ykkur hefir hann gefið listir og smekk. Fyrir þessu hefir hann ekki opnað augu okkar. Við vitum að þetta er satt. Fyrst hann hefir gert þessna mikla mun á okkur í öðrum efnum, mættum við þá ekki álykta að hann hafi einnig gefið okkur mismunandi trú, í samræmi við skilningsþroska okkar. Hinn Mikli Andi gerir alt rétt. Hann veit hvað er best fyrir rauðu börnin sín, og við erum ánægð.

Bróðir! Við kærjum okkur ekkert um að rífa niður trúarbrögð yðar né taka þau frá yður, en við viljum halda okkar eigin.

Bróðir! Þér segist ekki hafa komið til þess að ná í lönd okkar og eignir, heldur til að upplýsa sálir okkar. Ég vil þá benda yður á, að ég hefi verið við guðsþjónustur yðar og séð yður taka samskot frá fólkinu. Ég get ekki vitað til hvers féð var fengið, má vera að það hafi verið handa presti yðar, en ef við mættum

dæma eftir öðru, þá dettur okkur í hug að þér munduð einnig vilja fá fé frá okkur.

Bróðir, okkur hefir verið sagt að þér hafið prédikað fyrir fólkið í þessu umhverfi. Þetta fólk er nábúar okkar, við þekkjum það. Við ætlum því að bíða enn um tíma og sjá hver áhrif boðskapur yðar hefir á það. Ef við finnum að það geri þeim gott, auki hjá þeim ráðvendni og rýri hjá þeim tilhneiginguna til að þretta Indíanana, þá skulum við aftur taka til ihugunar það sem þér hafið til okkar talað.

Bróðir, þér hafið nú heyrt svar okkar upp á ræðu yðar; við höfum ekki meiru þar við að bæta í þetta sinn. Af því við hljótum að skilja viljum við fús þrýsta hönd yðar, og vona að Hinn Mikli Andi verndi yður á ferðalagi yðar og leiði yður heilan heim til ættingja og vina.

E. Á.

---

## Ameriska Únítarafélagið.

Ameriska Únítarafélagið hélt áttugasta og sjöunda ársfund sinn í Boston 21. maí síðastliðinn. Samkvæmt skýrslum embættismanna félagsins hafa allar deildir þess tekið framförum og aukið allmikið starf sitt á síðastliðnu ári. Sérstök áherzla hefir verið lögð á að koma á nánara sambandi milli félagsins og frjálslyndra trúarfélaga í öðrum löndum, sem áður hafa litið eða ekkert haft saman við það að selda. Í því skyni ferðaðist einn af embættismönnum félagsins, dr. Charles W. Wendte, um England, Frakkland, Þýskaland, Ítalíu og víðar síðastliðið ár. Í öllum þessum löndum eru trúfélög, sem annaðhvort eru algerlega únítarísk í eðli sínu, eða að miklu leyti í samræmi við únítarísku stéfnuna. Á Englandi er hið sterka "Brezka og erlenda Únítarafélag", sem er búið að starfa lengi að útbreiðslu únítarískra

skoðana bæði innan lands og utan. Á Frakklandi er talsverður hópur frjálslyndra mótmælenda, sem er únítarakerkjunni mjög vinveittur, þó hann beri ekki hennar nafn. Á Þýzkalandi eru sömuleiðis nokkur utanríkis kyrkjufélög, sem standa únítarisku kyrkjunni mjög nærri hvað skoðanir snertir. Á Ítalíu hefir beinlínis únítarisk hreyfing hafist nýlega, sem hefir þegar náð fótfestu í fáeinum stærstu borgum landsins. Jafnvel austur á Gyðingalandi er dálítill trúarbragðalegur félagsskapur, er nefnist "Musterisfélagið", sem heldur fram únítariskum kenningum. Og í Búlgaríu hefir verið stofnað únítarafélag. Á Ungverjalandi hefir únítara kyrkjan verið við lýði síðan á siðbótartímunum. Í Sviss og á Hollandi eru frjálslynd kyrkjufélög, og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð einstakir únítarasöfnuðir. Næsta allsherjar þing frjálslyndra trúflokka verður haldið í París sumarið 1913.

Tveir nafnkendir gestir frá öðrum löndum voru staddir á ársfundinum: Prófessor L. P. Jacks frá Manchester College (einn af skólum únítarakerkjunnar á Englandi) í Oxford á Englandi, og Abdul Baha frá Persíu, leiðtogi Babtrúarmannanna þar, sem frá er sagt í síðasta blaði Heimis. Prófessor Jacks er ritstjóri tímaritsins Hibbert Journal, sem er eitt af fremstu trúmálaritum, sem út eru gefin á enska tungu. Hann hélt fundarsetningarræðuna. Abdul Baha hélt ræðu, sem var þýdd á ensku um leið og hún var borin fram. Me<sup>e</sup>al annars sagði hann, að ef trúarbrögðin ættu að lifa, þá yrði þeim að fara fram. Og að trúarbragðaleg eining sé framtíðarvon allra, sem vilji þroska trúbragðanna í heiminum. Einn helzti ræðumaðurinn var Mr. William Sullivan, er til skamms tíma hefir verið prestur í kaþólsku kyrkjunni, en yfirgaf hana og gerðist Únítari. Í ræðu sinni lagði hann sérstaklega áherzlu á, að einstaklingurinn ætti að njóta skoðanafælsis, og ekki að vera neyddur til að trúa neinu, sem hann hefði ekki fulla sönnun fyrir að væri rétt. Ef inn væri nauðsynlegur undanfari verulegrar sannfæringar.

Meðal fundarsamþykta, sem gerðar voru, var samþykkt um að koma á nánari samvinnu en verið hefir á milli Únítarakerkjunnar og Úniversalista kyrkjunnar; og enn fremur samþykkt

um að félagið tjái sig því hlynt að konur fái alstaðar sömu réttindi og karlmenn.

Forseti félagsins var endurkosinn dr. Samuel A. Eliot, og skrifari séra Lewis G. Wilson, sömuleiðis endurkosinn.

## Að standa við aðalatriðin.

Eftir THOMAS VAN NESS.

(Þýtt)

“Hvernig á ég að sameina kurteisi og sannsögli?” spurði aldraður únítaraprestur. “Ég get verið mildur í dómum, en þegar ég hefi sterka sannfæringu og veit að ég ætti að standa við hana, jafnvel þó allir vinir mínir séu á annari skoðun, þá veit ég ekki hvernig ég á að sameina hinar mótsettu kröfur, kurteisi og sannsögli”. Kurteisi krefst af oss, að vér sjáum hina betri hlið annara og kunnum að meta það, sem þeir trúa. Það er gott að svo er, því með því losumst vér við óumburðarlyndi fyrri tíma. Vér losumst einnig við samúðarleysi í hugsunum og skoðunum. En um leið er hætt við, að vér höfum engar sérstakar skoðanir, eða, ef vér höfum sérstakar skoðanir, að vér leggjum þær í lágina, þegar vér sjáum, að það er oss til þæginda; og í því felst hætta. Á fundi háskólamanna var sú staðhæfing gerð nýlega, að viljasterkum og stefnuföstum mönnum fari sýnilega fækkandi meðal mentamanna. Einn kennarinn sagði: “Við finnum sjaldan ungan mann nú með nógrri andlegri stefnufestu til að gerast leiðtogi annars”.

Aldrei í sögu vorri hefir verið meiri þörf á ótvíræðri skoðana framsetningu en nú. Hver maður, sem stendur í prédikunarstól, ætti að koma fram fyrir almenning og segja: “Til þess hefi ég verið kallaður til starfs míns, að ég beri sannleikanum vitni. Lítum umhverfis oss í vorum eigin trúflokki. Stönd-

um vér trúlega við meginatriði skoðana vorra og látum vér þau fyllilega og ákveðið í ljós?

Hver er vor fyrsta, stóra játning? Í orðum Gamla Testamentisins er hún þetta: "Heyr Ísrael! drottinn vor guð er einn"; á máli vísindanna: "Heyr mannkyn! til er einn eilífur kraftur, sem allir hlutir koma frá og fara til"; í orðum Jesú og Páls: "Heyr fólk! Guð er andi, og í andanum lífum, hrærumst og erum vér".

Hverju trúum vér um samband hins eilífa anda við oss? Er oss að eins stjórnað af honum, knúðir til að hugsa hans hugsanir og gera hans vilja? Nei. Trúarbrögðin sem Jesús stofnaði hvíla á þeirri skoðun, að maðurinn sé andlega frjáls. Í vissum skilningi er barnið hluti foreldris síns, samt sem áður hefir það sérstaka tilveru og þess vegna getur barnið gert, eða látið ógerðan vilja foreldrisins. "Elskanlegir, nú erum vér börn Guðs", svo hljóðar ein staðhæfing Nýja Testamentisins. "Þegar þér biðjið, segið, faðir vor". Þessi orð ákveða hið kærleiksfulla samband milli hins eilífa anda og vorra sálna. Þess vegna höfum vér Únitárar gert þetta að vorri fyrstu játningu: "Vér trúum að Guð sé faðir allra manna".

Virðist yður þessi játning mjög almenn? Hún er langt frá því að vera almenn. Vér skulum ekki fara út fyrir hin kristnu trúarbrögð. Heyrum vér þessi orð: "Ég trúi að Guð sé faðir allra manna", töluð eða sungin við guðsþjónustur í grísk-kaþólsku kyrkjunni, þeirri afarstóru kyrkjustofnun, sem samanstendur af yfir hundrað og fimtíu miljónum sálna? Margt er sagt í helgisiðabók þeirrar kyrkju um drottinn almáttugan, hinn æðsta verndara, hinn eilífa skapara og konung konunganna; en ég veit ekki til að þar finnist, drottinn vor Guð er eilífur faðir, og vér erum hans börn.

Hin hátiðlega trúarjåtning ensku kyrkjunnar, eða biskupa-kyrkjunnar, byrjar þannig: "Ég trúi á föðurinn almáttugan, skapara himins og jarðar", en í næstu línu er þessu, því miður, mótmælt, því þar stendur: "Og á Jesúm Krist hans eingetinn son". Jesús frá Nazaret er þannig fráskilinn öllum

öðrum, og mönnunum gert mögulegt að nálgast hinn eilífa anda að eins með hans hjálp.

Látum oss athuga þessar þrjár játningar únítarísku trúarinnar: fyrst samband mannsins við hinn eilífa anda, sem verður borið saman við samband barns við föður; annað, hið guddómlega í eðli hvers manns, Jesús þar af leiðandi leiðtogi vor; þriðja, að vér erum háðir lögmáli náttúrunnar. Af þessari þreföldu játningu leiðir, að vér trúum því, að ef vér setjum oss í samræmi við hinn eilífa anda, ef vér reynum að skilja reglur lífsins og lífa eftir þeim, þá náum vér valdi, svo vér getum klofið fjöll, sent hugsanir vorar yfir þver löndin og undir höfin, og lífað heilbrigðir og óttalausir, hverjir sem óvinir friðar vors, heilbrigði og hugsunar kunna að vera.

Heimurinn er að færast æ nær og nær þessari trú. Sóttvarnir eru settar á stofn til að einangra þá, sem þjást af hættulegum sjúkdómum; matvæli eru skoðuð nákvæmlega, og smádýrum, sem bera sóttkveikjur, eytt. Hver er afleiðingin. Hún er sú, eins og við má búast, að maðurinn er að verða herra. Smám saman en áreiðanlega er hann að útrýma gulu sýkinni, svarta dauða og eiturofti heitu landanna, og með tímanum mun honum takast að draga úr eyðilegginga berklaveikinnar og annara hættulegra sjúkdóma. Maðurinn er stöðugt að verða sterkari, langlífari og öruggari um sjálfan sig. Hann er að eignast sitt guðsríki.

Sumir nágrannar vorir — gott og velviljað fólk — eru ekki sömu skoðunar og vér; þeir vilja blátt áfram ekki hugsa og leita fyrir sér á þeim vegum, sem reynslan bendir á. Þeir hafa hætt við alla sjálfstæða hugsun; þeir trúu bókstaflega hverju orði spákonu einnar, sem sagði að rit sín væru innblásinn sannleikur.\* Það sem hún sagði var þetta: „Það er gagnslaut fyrir ykkur að lesa nokkura aðra bók um trúarbragðaleg efni en þá sem ég hefi gefið út sem áreiðanlega. Kynnið ykkur biblíuna með hjálp minnar bókar, og þið munuð ekki þurfa að gera ykkur áhyggjur út af sóttkveikjum, varnarmedulum, lofthreinsun og

\* Hér er átt við Kristnu vísindin (Christian Science) og þá, sem þeim fylgja. Þýð.

matarhæfi; þið þurfið ekki að vita hvað læknar hafa um þessi efni að segja. Trúið minni einföldu framsetningu. Það er nóg. Þið munuð þá verða heilbrigðir, hamingjusamir og velmegandi”.

Hvað eigum vér að gera, þegar vér rekum oss á svona hugmyndir? Kurteisi, varfærni og góðmenska fyrirskipa umburðarlyndi og samúð með hugsunarhætti nágranna vorra; en er ekki skylda til í slíkum tilfellum? Höfum vér ekki trúnaðarskyldur við sannleikann, eins og vér sjáum hann?

Hugmynd nágranna vorra setur heilbrigði, sjálsánægju og velmegun hátt meðal dygða mannsins. Þó hafnaði hann, sem vér tókum fyrir leiðtoga vorn, fúslega heilbrigði, þægindum og lífinu sjálfu vegna sannleikans; í stað þess að lofa velmegun lofaði hann fátækt og því að missa máskæ alt sitt; í stað þess að gera mikið úr sjálsánægju talaði hann oft um þá, sem eru fúsir að þjóna öðrum. Ef trú nágranna míns yrði sigursæl, ef hér um bil sextíu miljónir manna tækju hana í bókstaflegum skilningi, gæti ég verulega glaðst? Nei, frá mínu sjónarmiði væri það að hverfa aftur í tímann til hjátrúaraldanna. Það mundi endurvekja hina heimskulegu hugmynd um ilt dýrsegulafl; það mundi tefja fyrir vísindum; og því mundi fylgja skilningur á einingu mannsins við guð, sem væri algerlega ólíkur þeim, sem trúarbrögð Jesú setja hæst.

Rómversk-kaþólska kyrkjan heldur á sama hátt fram, að skynsemin eigi að beygja sig undir ytra vald. Það vald tilheyrir samt sem áður engum einstaklingi, heldur kyrkjuni. Undirgefni, ekki rannsókn, er það sem hún krefur fyrst og fremst; hlýðni, ekki sjálfræði. Kaþólska kyrkjan kennir, að vér nálgumst ekki hinn eilífa anda án milligöngu, heldur vegna milligöngu preta, biskupa, kardinála, píslarvotta, dýrðlinga, Maríu meyjar og frelsarans dómara mannkynsins. Þessi kyrkja hefir mikla þýðingu fyrir marga. Vér mættum illa án hennar vera sem vegar til réttara og betra lífs fyrir margt illa upplýst og ólöghlýðið fólk, sem ekki kann vel að stjórna sér.

Þó vér játum þetta fúslega, getum vér samt séð að ef hennar stefna ynni algerðan sigur, þá væri það skaðlegt fyrir sjálf-ræði þjóðarinnar.



Vér komum þá aftur að spurningunni, sem vér byrjuðum með: hvers krefst skyldan af oss? Eigum vér að eyðileggja sjálfa oss með kyrð, láta afstöðu vora verða tvíræða, hafna stefnu vorri og segja já og amen við öllum trúaratriðum og játningum, sem vér ekki trúum eða játum réttar? Mundi slík stefna miða til góðs? Biðjum vér aðra um að gera þetta? Vér segjum að fyrsta sporið til manndóms sé, að maður ekki blekki sjálfan sig, að maður hafi sínar skoðanir og standi djærlega við þær. Þegar þess vegna ég heyri einhvern segja: Það gerir ekkert til hvaða kyrkju þú sækir, þær eru hér um bil eins allar, þá hugsa ég um hvort hann muni sýna samskonar skeytingarleysi í viðskiftum sínum við aðra og í fjármálasökum. "Standið því gyrtir sannleika", þannig byrjar Páll postuli með sannleikann sem hið þýðingarmesta, og Jesús sagði að síðustu, að sannleikurinn væri það æðsta og mesta, sem hann hefði borið vitni, hin eina dygd, sem í sannleika gerir manninn frjálstan.

---

## Ur ýmsum áttum.

Í Belgíu fóru fram þingkosningar ekki alls fyrir löngu. Í kosningum þessum bar íhaldsflokkurinn hærrí hlut. Sósíalistar og frjálslyndi stjórn mála flokkurinn létu í ljós megnustu óánægju, svo við óeirðum lá, eftir kosningarnar. Sigur íhaldsmanna var að þakka úreltu fyrirkomulagi, sem gefur hinum ríkari tvö og þrjú atkvæði á móti einu hvers hinna. Með því móti getur minni hluti ráðið úrslitunum; og hefir gert það að undanförunu. Málið, sem efst var á dagskrá fyrir kosningarnar, var alþýðu-mentun. Í Belgíu er meiri hluti alþýðuskóla undir stjórn kaþólsku kyrkjunnar, sem er ríkiskyrkja þar. Að þeim skólum hefir íhaldsflokkurinn jafnan hlynt, en gert utankyrkjuskólunum sem erfiðast fyrir. Ekki er ólíklegt að stórar breytingar séu í

vændum þar í landi, þegar hinum frjálslyndari stjórnámálaflokkum vex svo flskur um hrygg, að þeir nái sínum málum fram að koma.

Það hefir sætt mikilli eftirtekt, að Þýzkalandskeisari hótaði nýlega að innlima fylkin Elsass og Lothringen í Prússland. Þessi fylki, sem liggja vestast í Þýzkalandi fast við landamæri Frakklands, hafa tilheyrt þýzka ríkinu síðan Þjóðverjar unnu sigur á Frökkum 1870—71. Þau hafa notið sjálfstjórnar að nokkru leyti, líkt og önnur fylki og ríki, sem þýzka keisararíkið samanstendur af. En þrátt fyrir allar tilraunir þýzku stjórnarinnar hefir ekki tekist að uppræta frakkneskt þjóðerni og vináttu til Frakklands meðal íbúa fylkjanna.

Enginn viðburður hefir, að líkindum, dregið eins að sér at-  
hygli manna og forseta útnefningar Bandaríkjanna. Í repúblíka flokknum var langur bardagi og harður milli fylgjenda Tafts forseta og þeirra, sem vilja koma fyrverandi forseta, Roosewelt, að. Taft fékk útnefningu flokksins; en fylgjendur Roosevelts útnefndu hann á sérstökum fundi, er þeir héldu á eftir. Ráðgera þeir að mynda nýjan stjórnámálaflokk áður en kosningar fara fram í nóvember í haust. Hvort það tekst er víst enn þá mikið vafamál. Því er spáð, að sundurþykkjan innan flokksins gefi forsetaefni demókrata byr undir báða vængi. En þegar þess er gætt hve stór afismunur flokkanna hefir verið við undanfarnar forsetakosningar, er alls ekki víst að demókratar eigi vísan sigur; sérstaklega vegna þess, að þeir eru eigi heldur á eitt sáttir. Yfirleitt virðist mjög erfitt að leiða getum að því nú, hver muni verða kosinn forseti þegar kjósendasamkundan (electoral college) kemur saman í haust.

Afarerfitt gengur barátta kvenfrelsiskonanna á Englandi. Leiðtogar þeirra eru dæmdir til fangelsisvistar fyrir að vera valdir að skemdum á eignum, sem hljótaf af uppþotum kvennanna. Í fangelsinu svelta konurnar sig, svo að útlit er fyrir að sumar þeirra missi heilsuna. Mrs. Pankhurst, sem er ein af allra áköf-

ustu kvenfrelsiskonum Englands, hefir verið slept úr fangelsi, vegna þess að heilsu hennar var stór hættu búin; og svo er um fleiri. Að margra áliti hafa konurnar spilt fyrir málstað sínum með of mikilli svæsni og næstum skríslegum uppþotum. Er það illa farið með gott málefni, sem ætti að ræðast með stillingu og af skynsemd.

## Áheit í sjávarháska.

Saga eftir *August Strindberg*.

Vestman í Neðribæjarey hafði siglt með skonnortu til Norðs, og hafði komist alla leið norður í Lófót. Þar hafði hann hitt hvalveiðarmenn og lært sitt af hverju um aðferð þeirra að veiða hvali með skutli. Þegar hann kom heim aftur í eyrna, datt honum í hug að nota þessa nýfengnu þekkingu sína við selveiðar þar, sem stöðugt fóru minnkandi, vegna þess að selirnir fældust byssuskotin.

Til að framkvæma þessa hugmynd sína, valdi hann þá miður heppilegu aðferð, sem hér verður skýrt frá, og það hafði afleiðingar í för með sér, sem hvorki hann né nokkur annar gat séð fyrir. Æfintýrið, sem út af því spanst, þykir enn í frásögur færandi þar í eyjunum.

Eitt kvöld um haustið fór Vestman á flatbotnuðum smábát með dreng út í ytri eyjarnar, þar sem selirnir voru vanir að skrifa á land til að baða sig í sólskininu. Hann hafði tekið með sér otraflein í þessa merkilegu veiðiför, sem endranær var notaður til þess að ná ötrum úr bjargskorur; og þetta morðtöl hafði hann að síð hvalveiðarmanna, fest með löngum streng um vinduás, sem snerist í framstafni bátsins. Hvorki hann né aðrir vissu nokkurt ráð til að komast svo nálægt hræddum selunum, að hægt væri að festa þennan óvenjulega skutul í þeim. „En

ef illa tekst til", sögðu vinir hans, "má alt af finna upp á einhverju". Það var samt sem áður ráðgert, að haga herferðinni á selina þannig, að drengurinn skyldi koma ofan af einhverri eyggi með byssuna, og Vestmann sjálfur smjúga á bátinum milli ísjakanna og bíða þess að selirnir kæmu flýjandi í sjóinn. Þeir mundu varla fara mjög hart á ósléttum rekisnum, sem lá samanþjappaður við ströndina.

Hann kom drengnum á land í einni úteynni rétt fyrir sólsetur, og sjálfur réri hann út fyrir með ullarsokka um árarhlummana, til að gera engan hávaða, og í hvítri skyrtu utan yfir fötunum, svo hann sæist ekki. Hann komst af tilviljun í skjóli við íshrönglð og klettana upp undir landið á einum stað, þar sem dálítill rauf sýndi hvar selirnir höfðu gengið á land, og það var líklegt að þeir leitundu þar aftur í sjóinn, því hvergi sást vök á ísnum.

Vestman sat þar vel falinn og hélt fleininum á lofti, þangað til honum var orðið iskalt á hendinni; þá fór hann að hugsa um hvort gamla veiðiaðferðin með kúlubyssu væri nú ekki einfaldari. Selirnir voru þar fyrir ofan. Það var ekkert vafamál, hann hafði heyrt til þeirra. En að þeir veldu einmitt þenna veg til að komast aftur í sjóinn það var nú stóra spurningin.

Alt í einu reid af skot bak við furutrén, og svo heyrðist blástur í loftinu og skvettir úti í sjónum, síðan heyrðist þungt mäs og hnerrar, og síðan tramp í ísnum, eins og berfætt fólk hlypi eftir gölf.

Áður en Vestman gat gert sér grein fyrir hvað heimskulegt alt fyrirtækið var, sást loðið höfuð í raufinni, sem reisti sig upp og steypist í sjóinn; en rétt í því fékk selurinn fleininn í bakið. Í hendingskasti hljóp strengurinn út sem fleinninn var festur við; og báturinn ryktist áfram, svo að veiðimaðurinn skeltist niður á afturþóftuna, og svo fór alt af stað með hraðri ferð til hafs.

Það var nú ferð!

Vestman hélt fyrst að þetta væri skemtileg nýjung, og fór að hugsa um hvaða fyrirtaks veiðisögu hann gæti gert úr því. Og

aflann áleit hann sama sem fenginn. En svo sá hann að óðum bar til hafs og hann sá húsið sitt hverfa.

“Sælir á meðan”, sagði hann og kinkaði kolli til strandarinnar — “ég kem bráðum aftur”.

Það brast og hrikti í bátinum, en engin hætta virtist vera á ferðum enn þá; ekki fyr en komið var út hjá yztu klettunum og alveg lagt frá landi. Þar var dálítill sjögangur, og sólin virtist vera gengin undir, því það var skuggalegt að sjá þar úti.

Dálítinn spöl enn þá, og svo hegg ég strenginn, ef ekki vill betur til, hugsaði Vestman.

Ög áfram héldu þeir. En nú fór báturinn að velta. Öldurnar komu á móti og báturinn var farinn að stinga stefninu undir þær.

Öfurlítið enn þá — hugsaði Vestman sem ögjarnan vildi láta af hendi fenginn afla og láta það, sem svo vel var byrjað, fá hlægilegan enda.

Öldurnar stækkuðu og stjörnurinnar voru farnar að skína. Enn þá gat hann þó séð öxina, sem lá í framstafninum og sem var hans eina von ef þetta gengi of lengi.

Haltu áfram karltetur, þú þreytist bráðum, ef ég þekki þig rétt — sagði hinn skjálfaði veidimaður í hálfum hljóðum; hann langaði til að komast undir árar til hita sér.

Rétt í því fann hann vatn renna um faturna á sér og heyrði eitthvað skafast eftir botninum á bátinum.

Sláðu nú undan! — skipaði hann sjálfum sér og stóð upp til að ná í öxina og höggva strenginn, en settist strax niður aftur, því í sama bili og hann lærði sig til dró selurinn bátinn niður að framan.

Eftir tvær árangurslausar tilraunir að skrída fram í bátinn, sá hann, að ráðlegast mundi að sitja kyr og að hann var á valdi selsins. Það var alt undir því komið, hvort selurinn færi í kal eða kæmi aftur til lands.

Nú var honum hætt að þykja gaman að þessu ferðalagi, þung alvara lagðist í huga hans. Til að hughreysta sjálfan sig tók hann ár, stakk henni út úr skutnum og ímyndaði sér að hann

stýrði. En það var ekki hann sem stýrði heldur selurinn, og hann stýrði rակleðis út á haf.

Ef ég kemst klaklaust úr þessu, skal fjandinn — —

Selurinn tók nokkrar dýfur og blótsyrðin hættu, því Vestman mátti til með að kippa inn árinna og ná austurtroginu, til að ausa sjóinn úr bátnum.

Þegar báturinn var þur, stakk hann út árinna aftur, og það varð strax rólegra, rétt eins og hann sæti og stýrði.

En nú voru stjörnurnar horfnar og það var komin rigningarsúld með krapaslettingi, svo hann sá einu sinni ekki öxina; honum fanst sem grá þoka legðist að sér á alla vegu. Og áfram hélt báturinn, áfram, en það var eins og vindstaðan hefði breyzt, því nú komu öldurnar á hliðina framantil; og hún breyttist meir og meir.

Nú varð hann hræddur.

Og á meðan hann jós bátinn aftur fór hann að hugsa um konu og börn, heimilið og eignirnar, og svo um eilífðina, sem lá nú áreiðanlega fyrir honum; hann hugsaði um að hann hefði ekki farið til kyrkju — já, í hvað mörg ár? Það mundi hann ekki, en það var ekki síðan um árið, þegar kóleran geysaði — og að hann hefði ekki verið til altaris — nú straukst bakborðshliðin við rekísinn. Drottinn Jesús! Ég aumur syndari! — Hann hafði gleymt öllu — Faðir vor, þú sem ert á himnum — — verði þinn vilji svo á himni — þetta mundi hann ekki heldur?

Hvílíkur ógnar langur tími, og svo fjarskalega framorðið: með þessu lagi kæmist hann bráðum yfir til Álands; en ef hann lenti nú í rekísnum, þá hlyti hann að berast með honum niður til Gotlands eða inn í finnska flóann. E. áður en þangað kæmi yrði hann vist dauður úr kulda.

Hann kraup niður í bátinn til að skýla sér fyrir köldum vindinum; og þegar hann var lagstur á huén, mundi hann alt Faðir vor, og las það vist tuttugu sinnum; og í hvert sinn sem hann sagði Amen, skar hann skoru í bátssúðina með vasahnífnum. Og hann varð rólegri, þegar hann heyrði sína eigin rödd, því það var eins og hann væri að tala við einhvern, og einhver væri að tala við hann, og orðin mintu hann á fjölda fólks

kyrkjunni, sem hann nú sá fyrir framan sig huggandi og áminnandi. Þar sá hann nokkra nágranna, sem hann hafði áður verið með í því að ná smíðakolum úr sokknu briggskipi, sem að vísu var ekki alveg rétt, en þó verjanlegt; þar sá hann — nú kom harður rykkur. Drottinn Jesús, Guðs son, ef ég slepp úr þessum háska, þá lofa ég að gefa kyrkjunni kertastjaka með sjö pípum úr hreinu silfri, svo sannarlega sem Guð er yfir mér — það er alt, sem ég gæti eftir skilið börnunum — úr hreinu silfri —. Drottinn blessi oss og varðveiti oss, drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir oss og sé oss náðugur —

Honum sýndist hann grilla í ljós beint framundan í gegnum sortann, stórt en dauft, eins og ljóskerið væri úr horni.

Það er Haugeyjarvitinn á Nýlandsströndinni—hugsaði hann — Gæti bezt trúað að ég væri búinn að vera tólf klukkutíma á leiðinni, því það er eins langt og heil vika.

Nú urgaði aftur undir botninum á bátnum og hann stóð grafkyr, svo að Vestman hentist áfram, og svo var alt kyrt.

Hversu langt á að gizka skyldi vera til vitans? Hálfönnur míla. Og nú gat hann hvorki komist áfram eða aftur á bak. Alt af versnaði, því nú rambaði báturinn hvað lítið sem hann hreyfði sig.

Vestman sat þar sem hann var kominn og beið eftir að sjá sólina koma upp og dag ljóma í austri, og honum var kalt og hann bað til guðs, og hann lofaði og sór þess dýra eiða að gefa silfur ljósahjálminn, sem skyldi kosta tvö hundruð ríkisdali og vera undir sérstöku eftirliti, og sjö pípur skyldu vera á honum með alls konar skrauti, og hann skyldi hanga í festi prýddri með perlum; og þegar menn sæju hann, mundu þeir segja: sjá, þetta er sjáva háskaáheit ð frá Eiríki Vestman í Neðrabæ, sem drottinn svo náðarsamlega hjálpaði úr lífshættu árið átján hundruð fimtíu og níu! Guð hjálpaði honum af náð sinni og gæzku, hafði hann upp fyrir sér hvað eftir annað, svo að hann að síðustu trúði því, og af einskærri þakklátsssemi fyrir þessa mildiríku hjálp hafði hann yfir fyrstu orðin úr "Lof, prís og þökk sé þér, ó, faðir kæri!" Guð hafði hjálpað honum, það var alveg áreiðanlegt, ljósahjálmurinn og það sem fólkið sagði bar vott um það, það sem fólkið

mundi segja, það hafði ekkert sagt enn þá. — Nú slokknar á vitanum. — Drottinn Jesús, sem gekst á vatninu og skipaðir öldunum að lægja sig! — Nú lægðu þær sig, þær voru búnar að því fyrir löngu, því það var logn og kyrð, og það var þó undarlegt, því þetta var fyrir opnu hafi, og rétt nýlega hafði verið voðalegur sjógangur, það er að segja í gær, því nú hlaut að vera komið fram undir morgun, úr því honum gat verið svona voðalega kalt á fótunum, og svo var hann svangur og þurfti að fá heitt kaffi strax — bara að hafnsögubáturinn kæmi nú fram, eins og hann hlaut að gera, þar sem skip hefðu sjálsagt komið um kvöldið og legið og slagad úti á rúmsjónum um nóttina; en hvers vegna, hvers vegna í fjandanum höfðu þeir slökt á vitanum einmitt nú, máske að dagur væri kominn, þó ekkert sæist fyrir myrkri, það var mjög sennilegt, svo framarlega að rússneska stjórnin ekki feldi aðrar aðferðir við sína vita en vanalegt væri; jú reyndar hafði hún það, nú mundi hann eftir því eins og í draumi að Rússinn hafði annað tímatöl og eldra en annað fólk, það stóð heima, gamla tímatalið var þrettán daga annaðhvort á undan eða eftir tímanum, en það kom nú alt í sama stað niður, mismunur á tíma hlaut að eiga sér stað, og hann átti sér svo greinilega stað, því finsku skipin komu alt af klukkutíma seinna en símskeytin sögðu, og þess vegna höfðu þeir slökt á vitanum einum klukkutíma fyrir sólaruppkomuna, sem átti eftir því að yerða einum klukkutíma seinna. Og nú skildi hann hvers vegna honum var svona óttalega kalt, það sótti kuldi á alla um það leyti sem sólin kom upp, sem eitt sinn höfðu kalið; en selurinn, hann var svo kyr og það hrykti ekki lengur í vindunni, máske hann væri búinn að slíta sig lausan og farinn, það væri bezt að gá að því, það væri þó bölvað að s i t j a hér kyr að nauðsynjalausu

Vestman fór að horfa framundan og sá eitthvað dökkleitt eins og alsett stöngum og ráð í myrkrunu, rétt eins og þar væri fjöldi af skipum.

Guð sé oss næstur, ef þetta skyldi nú vera rússneski herskipaflokkurinn, þá skýtur hann á mig eins og tollþjóf, eða sendir mig til Síberíu. Og sá fjöldi! Drottinn minn góður, það er heill skógur.

Hann reis upp og rétti úr fótunum, báturinn ruggaði að eins til hliðar, en var hættur að dýfa niður stefninu. Hann fór varlega fram í og sá að strengurinn var þaninn eins og framast mátti verða; hann fór út úr bátinum



og sá fótspor. hann steig á stein og sá að hann var á þuru landi! Og þar stóð greniskógur!

Ert þú þarna, pabbi? spurði rödd, sem hann kannaðist vel við innan úr skóginum.

Hver fjandinn, strákur, ert þú þarna?

Ég var að undrast yfir hvað væri orðið af þér, pabbi.

Vestman néri augun.

Heyrðu, veiztu hvað klukkan er?

Hún er bráðum átta, og þú ert búinn að vera í burtu einn klukkutíma í mesta lagi. En svo hefirðu líka selinn með þér!

Þar lá dýrið á selaklökkpinni, með fleininn í miðju bakinu, dauður, honum hafði blætt til ólífs: hann hafði snúið til lands aftur vegna sjógangansins.

Ög enn þann dag í dag er sagan sögð, og þykir hin merkilegasta þar í eyjunum, næst sögunni um sjóorminn, og sá sem ekki vill trúá henni, getur farið til Næðrabæjar kyrkju og séð litla ljósa hjálminn, sem hangir þar rétt yfir organinu til ævarandi minningar um björgun hins konunglega hafnsögumanns, Vestmanns, úr mjög óvanalegum sjávarháska, þegar hann, með dauðann fyrir augunum, lofaði drottnei, að hann skyldi kristnum söfnuði til gleði og uppbyggingar gefa þennan TINHJÁL.M.

## Lífsábyrgð og bindindi.

(Lauslega þýtt).

Afstada lífsábyrgðarfélaga gagnvart bindindi hefir breyzt atarmikið á síðastliðnum tveimur mannsöldrum. Fyrir sjötíu árum neituðu brezk lífsábyrgðarfélög að selja algerðum bindindismönnum lífsábyrgðir.

Nú á tímum eru öll lífsábyrgðarfélög andstað drykkjuskap. Mörg þeirra neita að selja lífsábyrgðir þeim, sem starfa að tilbúningi eða sölu úfengra drykkja, eða taka hærrí iðgjöld af þeim. Mörg lífsábyrgðarfélög á Bretlandi og nokkur í Ameríku setja bindindismenn í sérstakan flokk, sem borar lægri iðgjöld og nýtur ýmsra annara hlunninda. Sömu hlunnindi gefa tvö stærstu lífsábyrgðarfélögin í Noregi og Svíþjóð bindindismönnum.

Þessar breytingar eiga sér stað aðallega vegna þess að vísindin hafa sannað að úfengið er eyðileggjandi fyrir líf og heilsu: og einnig vegna þess, að margra ára reynsla sumra félaga hefir sannað að bindindismenn lifa yfirleitt lengur en hinir söfnuð hófdrýkkjumenn.


Förstöðumeinn lífsábyrgðarfélaga á Þýskalandi hafa komist að taun um að slæm húsakynni, óholl fæða, óreglulegur lifnaður og drykkjuskapur hafa slæm áhrif á verkamenn. Þar af leiðandi hafa þau, í eigin hægmuna skyni, tekið til óflugra ráða með að draga úr drykkjuskap. Fjöldi bæklinga er gef-

inn út, til að sýna hin illu áhrif áfengisins á manlegan líkama og vara menn við nautn áfengra drykkja. Á mörgum stöðum hafa vinnuveitendur bannað að neyta drykkja, sem hafa nokkurt áfengi inni að halda, í verksmíðjum sínum. Mörg verkamanna félag le tæst af fremsta megni við að draga úr áfengisnautninni. Verkamannablöðin taka í sama strenginn og gefa verkamannalýðnum upplýsingar um áfengið. — "Burt með áfengið úr verkasmíðjunum", er hrópið, sem alstaðar heyrir á Þýskalandi. Og það er sagt að breytingin, sem það hefir ollið í sumum stærri borgunum, sé nú þegar sýnileg.

Í Ameríku hefir athygli manna verið dregið að þessu máli nýlega af Próffessor Charles Scanlon, sem er skrifari "National Inter-Church Temperance Federation of America".

Hann segir, í opnu bréfi, sem hefir verið sent út til almennings, að reynsla sé fengin fyrir því á Bretlandi og í Bandaríkjunum, að á a'drinum milli tuttugu og fimmg sextíu ára sé dauðsfalla tala meðal þeirra, sem neyta ekki áfengis, 30 til 40 af hundraði lægri en meðal hinna. Bindindismenn eiga þess vegna, að hans áliti skilið að fá samsvarandi lækkun á iðgjöldum af lífsábyrgðum. Það er áþreifanlegt ranglæti að láta mann, sem verndar líf sitt og heilsu, með því að vera bindindismaður, hera lífsábyrgðarkostnað annara, sem eru skeytingarlausari.

Frézt hefir að nokkur hinna stærstu lífsábyrgðarfélagi í Bandaríkjunum hafi í hyggju að bjóða bindindismönnum lífsábyrgðir fyrir lægra verð en öðrum. Enginn vafi er á að bindindismenn sjálfir gætu flýtt fyrir þessu skynsamlega og réttláta boði lífsábyrgðarfélaganna.



## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar einn dollar um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFUND:

G. Árnason, ritstjóri

S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður  
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 385 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

## FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölusamninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

### **WILLIAM GRASSIE**

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. Box 645

---

NOTIÐ

# Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrygri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

**THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.**

VERDLAU ADEILD

WINNIPEG, - - CANADA

Nýttískulegasti og endingabezti  
skófatnaðu í Canada


Drjár verksemiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skó”

“McCeady Skó”

Negar byrgðir til skjótrar útsendingar í vörugeymslunum okkar í Winnipeg



**Ames Holden McCready Limited**